

Stjórnarfundur Leiknar föstudaginn 2.des. 2016, kl. 12 – 15

Staður: Fræðslusetrið Starfsmennt, Skipholt 50b

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir og Ólafur Ástgeirsson
Puríður Sigurðardóttir var með á Skype, en Anna Kristín Gunnarsdóttir og Helga Gísladóttir boðuðu forföll.

1. Staðan í fullorðinsfræðslu og hvernig gengur? Staðan rædd og umræðan tekin hringinn. Almennt góð staða og nóg að gera.
2. Rætt um íslenska hæfnirammann og fyrirsjáanlegt notagildi. Þann 12.10 s.l. skrifaði formaður Leiknar undir samstarfsyfirlýsingu um áframhaldandi þróun íslensks hæfniramma menntunar, ásamt fjölda hagsmunaaðila utan formlega skólakerfsins. Með undirrituninni er mikilvægum áfanga náð í að auka samtal og samstarf menntakerfis og atvinnulífs þar sem nám getur farið fram hvar sem er og reynsla er metin að verðleikum. Heilmikil og spennandi þróunarvinna bíður okkar í fullorðinsfræðslunni en eins og flestir vita þá hefur mikil vinna átt sér stað sl. ár til að ná þessum áfanga.
3. Næstu fjarfræðsluerindi eru fyrirhuguð sem hér segir:
 - a) 6. desember: Signý Óskarsdóttir „Efling menntunar í ferðapjónustu og matvælaframleiðslu á Vesturlandi“.
 - b) 10. janúar: Miia „Finnskur fjarkennsluvefur og stuðningur á netinu“ frá Otava Folk High school sem sérhæfir sig, sveigjanlegri framsetningu og mjög sýnilegum stuðningi.
 - c) 7. febrúar: Fyrirlesari frá VUC í Haderslev. „Vinnuvistfræðileg námsumhverfi og kennararapúltið að hverfa?“
 - d) Guðrún Vala finnur erindi fyrir mars – sem er áætlað 7.mars.
 - e) Ólafur finnur erindi fyrir apríl – sem er áætlað 4. apríl.
4. Veffréttabréfið: mikil ánægja ríkir almennt með veffréttabréfið, og langar okkur að kynnst og læra á forritið „Mailchimp“ .
5. Af innflytjendum: EAEA – innflytjendur eru aðalmálð í Evrópu hér og nú. Við þurfum að halda vel á spöðunum og halda utan um hvað er að gerast hérlendis. Guðrún Vala sagði frá tengslaráðstefnu Nord Plus sem hún sótti í Kaupmannahöfn nýlega. Einn Baltic –Nordic fundur hefur verið, en hægt væri að fara á EAEA fund og verður það skoðað.
6. Hugmyndir ræddar um hvort við ættum að halda ráðstefnu í vor í samstarfi við Kvasi. Rætt um tillögur að efni. Það yrði í tengslum við aðalfund eftir páska, en hentugar dagsetningar eru . Okkur henta dagsetningarnar 24. - 28. apríl.

7. Hugmynd um nýja félagsaðila: Hulda og Guðrún Lárusdóttir athuguðu hvort ákv. aðilar hefðu áhuga á að koma inn í Leikn aftur, þær sendu bréf á þá, en ekkert kom út úr því. Hugmynd hvort sjóðirnir kæmu inn (Landsmennt o.fl.) og tillaga lögð fram til umhugsunar. Ef af því yrði þar að sækja formlega um aðild hjá næstu stjórn. Markmiðið að Leikn séu breið samtök.
8. Önnur mál: Hulda Anna Arnljótsdóttir hættir hjá Starfsmennt og byrjar að vinna hjá Menntamálamaráðuneytinu eftir áramótin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið um kl.15.

Fundarritari Guðrún Vala Elísdóttir